

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vesturbyggð.

Deiliskipulag stofnana- og íþróttasvæðis, Tálknafirði.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 3. október 2024 tillögu að deiliskipulagi stofnana- og íþróttasvæðis á Tálknafirði. Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina lóð fyrir grunnskólann á Tálknafirði á Sveinseyri og félagsheimilið Dunhaga en einnig að skilgreina lóðir fyrir íþrótt- og skólastarfsemi og skipuleggja lóð fyrir tjaldstæði suðvestan við grunnskólann. Jafnframt er endurskilgreind aðkoma, bílastæði, gönguleiðir o.s.frv. m.t.t. umferðaröryggis. Deiliskipulagið var auglýst með athugasemdafrest til 12. apríl 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag orlofsbyggðarinnar í Flókalundi.

Heimastjórn fyrrum Barðastrandarhrepps og Rauðasandshrepps samþykkti á fundi sínum 15. ágúst 2024 tillögu að deiliskipulagi orlofsbyggðarinnar í Flókalundi. Innan skipulagssvæðisins eru alls fimmtán hús, þrettán þeirra eru orlofshús, eitt þjónustuhús fyrir sundlaug og loks þjónustuhús fyrir starfsemi orlofsbyggðarinnar. Skipulagssvæðið er á reit F1, sem er í aðalskipulagi skilgreint sem frístundasvæði. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 4,4 ha. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 22. apríl 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 31. október 2024.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 14. nóvember 2024